

# Reglugjörð

## fyrir Eyjafjarðarsýslu

um

### breyting á 38. og 39. gr. í fjallskilareglugjörð fyrir Eyjafjarðar- sýslu 19. júní 1897.

## 1. 38. gr. orðist þannig:

Hver sem á stóðhross eða tryppi, er skyldur að reka þau á afrjett, ekki síðar en 8 vikur af sumri, nema ótið og gróðurleysi banni, og varðar sektum, ef útaf er brugðið, Eigandi eða umráðandi afrjetta, sem hefir tryppi á þeim, er skyldur að sjá um nægilega fyrirstöðu að viðlögðum sektum. Nú vanrækir hann þá skyldu sína, skal þá hreppsnefnd skyld að útvega nægilega fyrirstöðu á hans kostnað. — Eigandi eða umráðamaður afrjetta skal senda hreppsnefndinni, áður en 10 vikur eru af sumri, lýsingu af öllum þeim tryppum, sem hann hefir undir höndum, með mörkum, lit, aldri og einkennum.

## 2. 39. gr. orðist þannig:

Nú ganga tryppi samt á sumrum úr afrjettum og í heimalönd manna, geta þá þeir, er fyrir ágangi verða, tekið þau í gæzlu og gert eigendum eða umráðamönnum afrjettanna eða þeim, sem fyrirstöðu hafa á hendi, aðvart áður en 2 sólarhringar eru liðnir, um að útleysa þau gegn gæzlukaupi, allt að 15 aorum um sólarhringinn fyrir hvert hross. Auk þess skal og borga ómakslaun fyrir tilkynning. Gjald þetta skal greitt um leið og hrossanna er vitjað, annars er gæzlumaður eigi skyldur að afhenda þau. Vitji eigendur eða umráðamenn eigi hrossa sinna eða borgi eigi gæzlukaupið innan þriggja sólarhringa frá tilkynningu, skal farið með þau sem annað óskilafje.

Þannig samþykkt á fundi sýslunefndarinnar 28. júnímán. 1906.

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 10. júlí 1906.

*Guðl. Guðmundsson.*

Staðfestist og gangi reglugjörðin í gildi hinn 1. dag októbermán. 1906.

Forseti amtsráðs Norðuramtsins, 10. júlí 1906.

*Guðl. Guðmundsson.*